



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavíkurborg
b.t. borgarstjóra

Reykjavík 7. desember 2022

Efni: Niðurskurður í þjónustu Reykjavíkurborgar við börn

Fram hefur komið að ráðast eigi í umfangsmikinn niðurskurð hjá Reykjavíkurborg á næsta ári samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun. Ljóst er að fjölmargar niðurskurðartillögur munu hafa bein áhrif á velferð barna í Reykjavíkurborg, en það á ekki síst við um þau börn sem þegar búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður og eiga nú á hættu frekari skerðingu lífsgæða og tækifæra. Vísbendingar eru um að staða barna fari versnandi og á slíkum tímum þarf að efla þjónustu við börn sem er brýnt samfélagslegt hagsmunamál, en hlutverk sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, er að *tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og mæta þörfum þeirra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.*

Meðal niðurskurðartillagna Reykjavíkurborgar má nefna tillögu um breytingar á rekstri Vinnuskóla Reykjavíkur, en þar kemur fram að auka eigi vinnu barna í Vinnuskólanum við umhirðu og garðyrkju en minnka á fræðslu og námskeið á mótí.

Í leiðbeinandi viðmiðunarreglum um vinnuskóla sveitarfélaga kemur fram að bjóða eigi nemendum í vinnuskólanum fræðslu um m.a. öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu. Markmið þeirrar fræðslu er m.a. að byggja upp virðingu hjá nemendum og leiðbeinendum vinnuskólans fyrir mikilvægi og verðmæti starfa þeirra. Þá kemur einnig fram að veita beri margs konar fræðslu og standa eigi að forvörnum í vinnuskólanum í samvinnu við ýmsa aðila svo sem stéttarfélög, Vinnueftirlitið, íþróttafélög og stofnanir.

Stéttarfélög hafa um langt skeið staðið fyrir mikilvægri fræðslu til ungmenna um réttindi og skyldur á vinnumarkaði auk þess sem ýmsar stofnanir og félög bjóða upp á fræðslu um réttindi barna, öryggi og jafnrétti á vinnumarkaði án nokkurs endurgjalds, eins og t.d. embætti umboðsmanns barna. Það er því ekki ljóst hvernig takmörkun á fræðslu í vinnuskólanum er liður í sparnaði borgarinnar, nema ætlunin sé að láta börn vinna þau störf sem fullorðnu fólki er annars falið að vinna fyrir mun hærri laun.

Þó svo að vinnuskólinn sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga er ljóst að í starfsemi hans ber að uppfylla þau meginmarkmið vinnuskólans um að gefa börnum kost á samspili vinnu,

þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu. Það viðmið Reykjavíkurborgar í sparnaðarskygni að fræðsla í vinnuskólanum eigi að taka mið af því sem gildir á almennum vinnumarkaði er algjörlega ótækt, enda er meirihluti þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði fullorðið fólk, sem býr yfir þekkingu, lífsreynslu, þroska og menntun sem börn búa ekki yfir. Umboðsmaður barna hvetur því Reykjavíkurborg til þess að endurskoða umrædda tillögu með hliðsjón af framangreindu og veita þannig börnum í Reykjavíkurborg nauðsynlegan undirbúning fyrir framtíðarþátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Meðal annarra tillagna til niðurskurðar má nefna að lagt er til að starfsemi unglingasmiðjanna Stígs og Traðar leggist af og að þjónusta við markhóp úrræðanna verði endurskipulögð. Í tillögum Reykjavíkurborgar er ekki tilgreint hver markhópurinn er, en honum tilheyra ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem búa við félagslega einangrun auk fjölmargra annarra áskorana, en í smiðjunum er lögð áhersla á að efla félagsfærni þeirra og sjálfsmynd til þess að stuðla að bættri stöðu þeirra. Ljóst er að um er að ræða viðkvæman hóp sem mikilvægt er að styðja við og ef gera á breytingar á starfi í þeirra þágu, þarf að leggja mat á áhrif þeirra áður en þær koma til framkvæmda, að teknu tilliti til sjónarmiða barnanna, óska og þarfa. Það mat á áhrifum og samráð við markhópinn virðist ekki hafa farið fram.

Þá ber einnig að nefna tillögu um skerðingu á opnunartíma félagsmiðstöðva, sem kynnt er til sögunnar sem tillaga sem miði að því að gæta betra samræmis við útivistartíma unglunga, en hið rétta er að með þessari tillögu ætlar Reykjavíkurborg að spara 9.859 þ. kr. Umboðsmaður barna tekur undir gagnrýni samtakanna Samfés á umrædda tillögu, sem bent hafa á, að til standi að skerða mikilvæga þjónustu við börn, á sama tíma og vísbendingar eru um versnandi stöðu barna í íslensku samfélagi.

Einnig er verið að leggja til breytingar á innkaupum á matvælum í leikskólum á grundvelli breytinga sem þegar hafa verið gerðar á rekstri leikskóla og er því alfarið um niðurskurð að ræða, en lækka á fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs um 100.000 þ. kr. af því tilefni. Ekkert hefur komið fram um það hvernig tryggja eigi börnum á mikilvægu vaxtar- og þroskaskeiði, máltíðir í leikskólum með góðri og hollri næringu, fyrir minna fjármagn.

Fjölmargir hafa gagnrýnt tillögur borgarstjórnar um að loka Siglunesi, en um er að ræða rótgróna starfsemi sem um langt skeið hefur gert fjölda barna kleift að njóta útiveru og læra siglingar, og tekur umboðsmaður barna undir þá gagnrýni. Fram hefur komið að tillagan verði tekin til frekari skoðunar og jafnvel endurskoðunar og ljóst er að sú tillaga ásamt framangreindum tillögum sem og öðrum niðurskurðartillögum sem varða börn með beinum hætti, uppfylla ekki kröfur Barnasáttmálans, um skýrleika, gagnsæi, jafnræði, vandaðan undirbúning og samráð við börn og aðila sem vinna með og fyrir börn.

Umboðsmaður barna vill af þessu tilefni áréttta sérstaklega, að Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að vera barnvænt sveitarfélag, en það felur í sér að borgaryfirvöldum ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að réttindi þau sem viðurkennd eru í Barnasáttmálanum komi til framkvæmda. Meðal þess sem Barnasáttmálinn gerir kröfu um er að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar út frá því sem þeim er fyrir bestu, að börn fái að taka þátt í ákvarðanatöku sem varðar þau, og að mat sé lagt á allar tillögur og breytingar sem geta haft áhrif á börn, út frá hagsmunum þeirra, réttindum og þörfum.

Þannig gerir Barnasáttmálinn kröfu um að til staðar séu ferlar sem tryggja að sjónarmið barna rati inn í alla ákvarðanatöku sem varðar þau og að áhrif ákvarðana á börn liggi fyrir áður en þær koma til framkvæmda, þannig að unnt sé að fyrirbyggja möguleg neikvæð áhrif og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að komast hjá slíkum áhrifum.

Það á ekki síst við um íþyngjandi ákvarðanir um niðurskurð í þjónustu við börn, en barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur áréttað að komi niðurskurður í þjónustu við börn til álita, beri að virða meginreglur Barnasáttmálans um rétt barna til upplýsinga, þátttöku og áhrifa, leggja á sérstakt mat á áhrif niðurskurðartillagna á börn áður en þær koma til framkvæmda, og leita á allra annarra leiða til hagræðingar en að skerða nauðsynlega þjónustu við börn sem eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarfnast verndar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, hvetur umboðsmaður barna borgarstjórn til þess að virða ákvæði Barnasáttmálans og taka til endurskoðunar allar þær niðurskurðartillögur sem snúa að börnum, að höfðu samráði við þá hópa barna sem tillögurnar varða með beinum hætti, til þess að takmarka neikvæð áhrif sparnaðar á börn og um leið tryggja rétt þeirra til viðunandi þjónustu og góðra uppeldisaðstæðna.

Virðingarfyllst,



Guðríður Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna